

Aðalfundur landssamtakanna Geðhjálpar 2026

Haldinn í húsnæði Geðhjálpar miðvikudaginn 25. mars kl. 16.

Svava Arnardóttir, formaður Geðhjálpar setti fundinn. Svava stakk upp á Haraldi Flosa Tryggvasyni sem fundarstjóra. Samþykkt með lófaklappi.

Fundarstjóri tekur við fundinum.

Fundarstjóri fór yfir lögmæti fundarins en hann var auglýstur í Morgunblaðinu 4. mars, 21 dögum fyrir fund. Einnig fengu allir félagsmenn og styrktarfélagar sendan tölvupóst sama dag og fundurinn var sömuleiðis auglýstur á samfélagsmiðlum og á heimasíðu Geðhjálpar. Er það samkvæmt lögum Geðhjálpar.

Fundarstjóri spurði hvort einhverjar athugasemdir væru gerðar við boðun fundarins. Engar athugasemdir gerðar og taldist hann því lögmætur.

Fundarstjóri stakk upp á Grími Atlasyni sem fundarritara. Samþykkt með lófaklappi.

Fundarstjóri minnti fundarmenn á að gögn fundarins – ársskýrslu og ársreikning – sem voru afhend fundarmönnum við komu en einnig mætti nálgast gögnin á heimasíðu samtakanna.

1. Skýrsla stjórnar

Svava Arnardóttir, formaður stjórnar, flutti skýrslu stjórnar. Stiklaði þar á stóru yfir starfsemi samtakanna árið 2025.

Fundarstjóri tók fram að umræður um skýrslu stjórnar færu fram samhliða umræðum um ársreikning.

2. Kynning ársreiknings og tillaga um félagsgjöld

Sigmar Þór Ármannsson, gjaldkeri stjórnar, kynnti ársreikning samtakanna starfsárið 2025 og lykiltölur í rekstri og skýringar á tekjum og útgjöldum.

Gjaldkeri kynnti jafnframt tillögu stjórnar um óbreytt árgjald fyrir félagsmenn. Árgjald verði 2.400 kr.

3. Umræður um skýrslu stjórnar og ársreikning

Fundarstjóri opnaði fyrir umræður um skýrslu stjórnar og ársreikning samtakanna.

4. Samþykkt ársreiknings

Fundarstjóri ber ársreikning fram til samþykktar. Samþykktur með miklum meirihluta enginn á móti.

HJH SS JA
SA

5. Ákvörðun um félagsgjald næsta árs

Fundarstjóri bar fram tillögu stjórnar um að félagsgjald verði óbreytt 2.400 kr.

Samþykkt með miklum meirihluta.

6. Kosning skoðunarmanna reikninga.

Fundarstjóri kynnti tillögu þess efnis að Hrannar Jónsson og Guðrún Soffía Guðmundsdóttir verði áfram skoðunarmenn reikninga yfirstandandi árs.

Samþykkt með miklum meirihluta.

7. Kynning á framboðum til stjórnar

Svava Arnardóttir bauð sig ein fram til formanns og telst hún því sjálfkjörin í það embætti til næstu tveggja ára. Klöppuðu fundarmenn fyrir Svövu.

Alls buðu sex einstaklingar sig fram til stjórnar. Laus sæti í aðalstjórn voru: fjögur til tveggja ára og tvö sæti í varastjórn til eins árs.

Framboð til stjórnar í stafrófsröð:

1. Ari Hróðmarsson
2. Bergþór Böðvarsson
3. Hallgrímur Hrafnsson
4. Sigmar Þór Ármannsson
5. Sigrún Sigurðardóttir
6. Sigurborg Sveinsdóttir

Frambjóðendur kynntu sig í stafrófsröð og fengu til þess tvær mínútur hver. Sigrún Sigurðardóttir var fjarverandi. Fundarstjóri kom þeirri ósk Sigrúnar að hún vildi gjarnan taka sæti í varastjórn og bað fundarmenn því að merkja við aðra frambjóðendur en sig á atkvæðaseðlinum.

8. Kosning til stjórnar

Kosning stjórnar fór fram og fundarstjóri fór aftur yfir framkvæmdina – kjörkassa var síðan skilað til talninganefndar en í henni sátu: Guðný Guðmundsdóttir og Grímur Atlason.

9. Stutt kaffihlé

Á meðan talning fór fram var stutt kaffihlé.

SS JA
HH SA

10. Niðurstöður kosningar

Talninganefnd lauk störfum og færði fundarstjóra niðurstöður kosninga. Fundarstjóri tilkynnti að kosningu hefðu náð í aðalstjórn til næstu tveggja ára:

Sigurborg Sveinsdóttir

Hallgrímur Hrafnsson

Sigmar Þór Ármannsson

Bergþór Böðvarsson

Í varastjórn:

Ari Hróðmarsson

Sigrún Sigurðardóttir

11. Önnur mál

Formaður fékk orðið. Þakkaði Elínu Ebbu Ásmundsdóttur varaformanni fyrir hennar störf fyrir Geðhjálp. Elín Ebba hefur setið í stjórn samtakanna sl. sex ár og hverfur því frá stjórn á þessum aðalfundi. Fundarmenn klöppuðu fyrir Elínu Ebbu og formaður færði henni gjöf frá stjórn og starfsfólki samtaknanna sem þakklætisvott fyrir hennar störf.

Elín Ebba þakkaði kærlega fyrir sig og óskaði nýrri stjórn velfarnaðar.

Fundarmaður tjáði sig um hugrofsraskanir og benti á að ekkert teymi eða sérstök þjónusta væri fyrir innan geðheilbrigðiskerfisins á Íslandi. Þetta væri viðurkennd röskun en heilbrigðiskerfið afneitaði henni hér.

Formaður tók undir að það væri vöntun á þjónustu fyrir fólk sem upplifði hugrof og sagðist hafa verið í samskiptum við fólk sem hefði sömu sögu að segja.

12. Fundarslit

Fundi slitið kl. 16:57.

Svein Arnard.
Sigurborg Sveinsdóttir
Zinnu
Hallgrímur Hrafnsson